

## Tillaga til þingsályktunar

um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Flm.: Árni Johnsen, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður E. Árnadóttir,  
Sigmundur Ernir Rúnarsson, Sigurður Ingi Jóhannsson,  
Unnur Brá Konráðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að ganga til samninga við Reykjanesbæ um Skipasafn Íslands þar sem grunnur safnsins yrðu skipalíkön Gríms Karlssonar skipstjóra og módelismiðs.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 139. þingi (280. mál) og er nú endurflutt óbreytt.

Við Íslendingar státum okkur oft af Snorra Sturlusyni og þætti hans í íslenskum fornbókmenntum og vekjum gjarnan athygli á því að hann hafi verið sagnamaður á heimsmælikvarða. Í sögu fiskiskipa Íslendinga eigum við okkar „Snorra Sturluson“ sem er Grímur Karlsson skipstjóri og módelismiður í Njarðvíkum í Reykjanesbæ.

Fiskiskip eru stundum talin hafa anda, karma, þau séu háð örlögum og tilfinningu sem sjómenn bátsins leysa úr læðingi og leggja bátnum til. Skipalíkön Gríms bera í sér persónugerving reynslunnar og söguna hvernig Íslendingar komust til vits og ára, frá fátækt til velferðar, frá moldarkofum til best byggðu íbúðarhúsa jarðarinnar vegna sjósóknar við Ísland. Öll uppbygging Íslands á 20. öldinni er, meira og minna, í skjóli sjávarútvegsins sem gefur okkur 60% af þjóðartekjunum. Hver bátur á sína sögu, hver sjómaður. Hver bátur á Íslandsmiðum hefur verið hluti af gulli Íslendinga, gullmoli út af fyrir sig. Okkur ber heilög skylda til að rækta þessa sögu, fræða börn og unglinga, gesti og gangandi um hana og mikilvægi hennar, ekki síst í ljósi þess að Íslendingar eru eina sjálfstæða fiskveiðipjóðin í allri Evrópu, eina þjóðin sem byggir sitt fyrst og fremst á sjávarútvegi.

Í Bátasafni Gríms Karlssonar í Duus-húsum í Reykjanesbæ eru nú á annað hundrað skipalíkön Gríms af íslenskum fiskibátum, en alls hefur Grímur smíðað á þriðja hundrað skipalíkön sem spanna öll tímabil fiskveiðisögu Íslands. Með útfærslu bátasafnsins og stækkun væri til að mynda hægt að sýna heilu bátshlutana, lúkar, vélarrými, brú, lest, borðsal, káetur, klefa, þilfar og fleira þannig að sýningargestir gætu upplifað stemninguna og aðstöðuna frá tíma til tíma. Ljósmyndir frá tímum fyrstu fiskiskipanna og til dagsins í dag þyrftu að vera ríkur þáttur í slíku safni. Bátasafn Gríms Karlssonar í Reykjanesbæ er einstakt í heiminum því ekki er vitað um neinn módelismið sem hefur smíðað eins mörg skipalíkön, hvað þá fiskiskipaflota sem spannar útgerðarsögu heillar þjóðar.

Tíminn líður hratt og sagan má ekki fölna áður en búið er að koma henni í búning sem eftir stendur. Það er engin spurning að það yrði stórkostlegt fyrir sýningargesti að geta tekið sér sæti í lúkar fiskibáts með kaffibolla og kleinur, andað að sér lykt vélarrýmisins eða heyrt sögur af sjómönnum í brúnni, skoðað tæki og tól sem lifandi hendur hafa unnið með við harðskeyttustu aðstæður á jörðinni. Hvar sem söfn eru byggð upp í heiminum með metnaði og til-

finningu, anda þess sem áhersla er lögð á, þá eru þau atvinnuskapandi um leið og þau eru fróðleg og skemmtileg og skilja eitthvað eftir sem skiptir máli. Þau stækka umhverfi sitt og gera það verðmætara.